



318. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn á Teams miðvikudaginn 29. desember 2021 kl. 12:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Andri Stefánsson starfandi framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Ásdís Hjálmsdóttir Annerud, Valdimar Leó Friðriksson og Viðar Garðarsson.

Dagskrá:

1. Afrekssjóður ÍSÍ

Knútur G. Hauksson formaður Afrekssjóðs ÍSÍ fór yfir ákvarðanir sjóðsins varðandi niðurfellingar vegna ársins 2021, flokkun sérsambanda og fyrstu úthlutun úr sjóðnum vegna ársins 2022.

Niðurfellingar

Búið er að fara yfir með samböndunum raunstöðu verkefna ársins 2021, miðað við áætlun. Verkefni féllu niður hjá mörgum af ýmsum ástæðum. Viðburðir féllu niður vegna COVID-19 og ekki var farið í verkefni vegna þess að þátttökuréttur náðist ekki, svo eitthvað sé nefnt. Einnig var kostnaður vegna verkefna ársins í sumum tilfellum lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Niðurstaðan er því niðurfellingar um ríflega 25 milljónir króna vegna verkefna ársins og mun sú upphæð nýtast í næstu úthlutun. Þegar ársuppgjör liggja fyrir (ársreikningar) hjá öllum sérsamböndum og ef leiðréttingar eru nauðsynlegar þá verða þær gerðar.

Andri Stefánsson starfandi framkvæmdastjóri minnti á að um er að ræða sama fyrirkomulag og í fyrra en ósk barst frá sérsamböndum að gengið verði þannig frá málum að þau geti bókað niðurfellingar á því ári sem verkefnin voru fyrirhuguð. Því sé um að ræða áætlaðar niðurfellingar miðað við u.þ.b. 10 mánaða rekstur.

Framlagðar niðurfellingar staðfestar samhljóða.

Flokkun sérsambanda

Knútur skýrði tillögu Afrekssjóðsins um að Bogfimisamband Íslands færist úr C-flokki yfir í B-flokk þar sem sambandið uppfyllir nú öll skilyrði sem gilda um sérsambönd í þeim flokki. Tilfærslan samþykkt samhljóða.

Knútur útskýrði að bæði forsvarsmenn viðkomandi sambands og starfsmenn Afrekssviðs komi að málum við flokkun sérsambanda.

Hann sagði ljóst, miðað við hörðustu túlkun á reglum Afrekssjóðs ÍSÍ að þrjú sambönd uppfylltu ekki skilyrði þess flokks sem þau voru í, þ.e. KKÍ, FRÍ og SSÍ.

Afrekssjóður ÍSÍ metur það hins vegar svo að viðkomandi sambönd hafi fært fyrir því haldbær rök að ekki sé tímabært að færa þau á milli flokka að svo stöddu, að teknu tilliti til þeirra aðstæðna sem upp eru vegna kórónuveirufaraldurs.

Lögð fram tillaga Afrekssjóðs ÍSÍ um að framkvæmdastjórn ÍSÍ veiti undanþágu frá grein 13.1 b) liðar í reglugerð sjóðsins þar sem fjallað er um árangur sem sérsambönd í A-flokki

þurfa að hafa náð. Óskar stjórn sjóðsins eftir því að leyft verði í ljósi þeirra aðstæðna sem COVID-19 hefur valdið að horft verði til síðustu fimm ára við flokkun sérsambanda, eða ef er ekki hægt að veita undanþágu er óskað eftir því að framkvæmdastjórn breyti þessari grein í reglugerð þannig að hún verði: „b) Þarf viðkomandi sérsamband að hafa náð þeim árangri á síðustu fimm árum.“

Umræður urðu um málið og aðstæður.

Forseti lagði til að ofangreind undanþága verði staðfest sem bráðabirgðaákvæði til eins árs í ljósi COVID-19 aðstæðna.

Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

„Framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkir að heimilað verði, í þetta eina skipti í ljósi þeirra aðstæðna sem COVID-19 hefur valdið, að horft verði til síðustu fimm ára við flokkun sérsambanda.“

Forseti sagði framundan vinnu við endurskoðun reglugerðar ÍSÍ um Afrekssjóð ÍSÍ í heild sinni.

Styrkveitingar vegna ársins 2022:

Knútur skýrði frá því að mikil þörf væri á úthlutun styrkja úr Afrekssjóði ÍSÍ í janúar, ekki síst vegna þátttöku í alþjóðlegum mótum og því væri nú óskað eftir heimild til hlutaúthlutunar úr sjóðnum. Fyrirkomulagið er unnið í samráði við endurskoðanda ÍSÍ. Engar umræður urðu um málið og var framlögð tillaga að úthlutun að upphæð samtals 220 milljónir króna samþykkt samhljóða. Skiptinguna pr. samband er að finna í fundargerð sjóðsins frá 27. desember sl.

Rekstur á sjóðnum.

Sjóðurinn gerir tillögu um óbreytt fyrirkomulag í umsýslugreiðslu til ÍSÍ samkvæmt heimild í samningi við ríkisvaldið, þ.e. 3 milljónir (sem samþykkt var af framkvæmdastjórn á 316. fundi), 10 milljón króna í þjónustu Afreks- og Ólympíusvið við sjóðinn og sérsambönd og 4 milljónir vegna heilbrigðisteymismála í tengslum við leika og þjónustu tengdri Afreksíþróttamiðstöð ÍSÍ.

2. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir teknar fyrir og staðfestar:

- Fundir Afrekssjóðs ÍSÍ frá 5. nóv., 10., 12., 20., 21. og 27. des. 2021

3. Önnur mál

Fjárlög Alþingis

Starfandi framkvæmdastjóri skýrði frá samþykkt fjárlaga í gær.

Forseti minnti fundarmenn á beina útsendingu frá lýsingu á kjöri Íþróttamanns ársins á RÚV í kvöld. Við það tækifæri verður útnefnt í Heiðurshöll ÍSÍ. Viðburðurinn er mjög smár í sniðum vegna takmarkana á samkomum.

Að lokum þakkaði forseti fyrir fundinn og óskaði fundarmönnum gleðilegs árs.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir